

Mánudaginn 13. marzmánaðar.

Nr. 53/1898:

Kristinn Magnússon

gegn

Eypóri Felixsyni.

D ó m u r :

Mál þetta hefir stefndi Eypór kaupmaður Felixsson í Reykjavík höfðað gegn áfrýjandanum Kristni skipstjóra Magnússyni sama staðar til skaðabóta fyrir skemdir af hans völdum á skipi stefnda »Sleipni«, og var málið dæmt í gestarétti Reykjavíkur 21. nóv. f. á. svo, að áfrýjandinn var dæmdur til að greiða stefnda 41 kr., sem skaðinn var metinn af þar til kvöddum mönnum, og 10 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 21. nóv. f. á., og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að hann verði sýkn dæmdur af öllum kærum og kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur í allan málskostnað fyrir báðum réttum. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að undirréttardómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Skemdirnar, sem mál þetta hófst út af, atvikudust á þann hátt, sem nú skal greina: 31. ágúst f. á. lágu fiskiskipin »Sleipnir«, eign stefnda, og »Guðrún«, sem áfrýjandinn var skipstjóri á, á Reykjavíkurhöfn, og hafði »Guðrún«, sem komið hafði seinna inn á höfnina, lagst örskamt frá »Sleipni«, suður og vestur af honum. Þennan

dag ætlaði Guðrún að taka sig upp af höfninni, en með því að vindur stóð af útsuðri og áfrýjandinn þurfti að komast fram hjá Sleipni, en treystist eigi til að koma svo seglum við til þess að dygði, þá tók hann það ráð, að láta skip sitt reka fyrir vindi fram hjá Sleipni. Þegar Guðrún létti, bar vindurinn hana að Sleipni, svo að bugspjót Sleipnis rakst inn á þilfar Guðrúnar, en áfrýjandi og menn hans gengu þá á bugspjótið og ýttu skipunum sundur, og rak þá Guðrúnu fast aftur með Sleipni, en á leiðinni greip klyverdragkeðja Guðrúnar um endann á stórseglsbómu Sleipnis, sem lá 3—4 þumlunga út af öldustokknum, dró hana með sér og bræut hana við afturreiða skipsins og skemdi um leið nokkuð stýrishjólið á Sleipni. Skemdir þessar á stórseglsbómunni og stýrishjólinu voru síðan, eins og áður hefir sagt verið, metnar á 41 kr.

Það er augljóst af atvikum málsins, sem nú hafa greind verið, að skemdirnir á Sleipni hafa orsakast af því, að áfrýjandinn lét skip sitt reka á hann. Það er einnig upplýst í málinu, að áfrýjandinn gjörði þetta að nauðsynjalausu, þar sem honum var innanhandar til að komast fram hjá Sleipni að varpa sig í annað skip á höfninni eða draga upp stórseglið, sem hann eigi notaði. En þar sem hann samt sem áður valdi þessa aðferð, sem hann hlaut að sjá fyrir, að gat stofnað skipunum í hættu, ef illa tókst til, þá verður hann að vera skyldur að bæta það tjón, er af því hlaut. En áfrýjandinn hefir haldið því fram, að tjónið

hafi ekki hlotist af aðferð sinni, heldur hafi það orsakast af þeirri óreglu Sleipnismanna, að láta stórseglsbómuna liggja út af öldustokknum; hefði það eigi átt sér stað, myndu engar skemdir hafa orðið af samrekstri skipanna. Eins og áður er sagt lá stórseglsbóman (eyrun á henni) 3—4 þumlunga út af öldustokknum og var hún lögð svo til þerris, eftir að hún hafði verið strokin með fernis. Dag þann, sem samreksturinn átti sér stað, var gott veður og hægt, og gátu Sleipnismenn því ekki búist við að nein hætta gæti stafað af því, hvernig bóman lá, enda vissu þeir ekkert um fyrirætlan áfrýjanda, sem ekki hirti að gjöra þeim aðvart, þó að honum væri það innanhandar, þar sem skipin lágu svo nálægt hvort öðru. Það verður því eigi álitíð, að Sleipnismenn með þessu hafi gjört sig seka í neinni óvarkárni, er geti losað áfrýjanda við ábyrgðina á tjóninu, er af samrekstrinum varð. Eigi verður heldur tekin til greina sú varnarástæða áfrýjanda, að Sleipnismenn hefðu getað afstýrt tjóninu með því að færa stórseglsbómuna til, því að þeir voru önnum kafnir um það leyti í að verja skip sitt enn meira tjóni af samrekstrinum, þar sem bugspjót Guðrúnar var komið inn á þilfar Sleipnis fyrir framan mastrið, og voru þeir að ýta Guðrúnu frá, til að verja mastur Sleipnis.

Það verður samkvæmt þessu að fallast á þá niðurstöðu gestaréttardómsins, að áfrýjandinn sé skyldur til að bæta stefnda hinar umræddu skemdir á Sleipni, og með því að enginn ágreiningur

hefir orðið um upphæð skadabótanna og yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði gestaréttardómsins, ber að staðfesta dóm þennan í öllum greinum. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 20 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskadur. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi Kristinn skipstjóri Magnússon stefnda Eyþóri kaupmanni Felixsyni 20 krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaadför.

Nr. 52/1898:

Kjartan Runólfsson
gegn

Guðbrandi Finnbogasen fyrir hönd W. Fischers verzlana í Hafnarfirði og Reykjavík og sýslumanni Franz Siemsen fyrir hönd dánarbús Ingunnar Einarsdóttur.

D ó m u r:

Hinn 10. nóv. 1893 fór fram uppskriftargjörð á dánarbúi ekkjunnar Ingunnar Einarsdóttur í Naustakoti, er látist hafði þá um haustið, en við uppskrift þessa fór hlutaðeigandi hreppstjóri, sem stóð fyrir gjörðinni, eftir skýrslu sona hinnar látnu, og lét óuppskrifaðar nokkrar skepnur, er á heim-